# AUGLÝSING

**um deiliskipulagsbreytingu vatnsaflsvirkjunar í Svelgsá í landi Hrísa í Helgafellssveit.**

Sveitarstjórn Helgafellssveitar samþykkti á fundi sínum 12. mars 2015 deiliskipulagsbreytingu vegna vatnsaflsvirkjunar í Svelgsá í landi Hrísa í Helgafellssveit.

Svæðið sem deiliskipulagið tekur til afmarkast af spildu frá inntakslóni að sunnanverðu og niður að þjóðvegi í norðri. Spildan liggur að mestu austanmegin við bakka Svelgsár. Mannvirkjagerð felst m.a. í gerð stíflna, inntaks og stöðvarhúss, aðveiturörs og rafveitu. Gert er ráð fyrir aðkomuvegi að stöðvarhúsi og vegslóða að stíflu. Aðkoma að deiliskipulagssvæðinu er frá þjóðvegi/Snæfellsnesvegi nr. 54.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Breytingin á deiliskipulaginu tekur þegar gildi.

*Borgarnesi, 27. mars 2015.*

F.h. sveitarstjórnar Helgafellssveitar,

**Jökull Helgason,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. apríl 2015